



HÖRGÁRSVEIT

MENNTASTEFNA

2026-2030

*Skólarnir eru hjarta sveitarfélagsins þar sem gleði,
fagmennska og vellíðan eru höfð að leiðarljósi.*



► Inngangur

Skólaumhverfið

Leiðarljós

Markmið, leiðir og mat

Heilsa, heilbrigði, farsæld og velferð

Menntun og virk þátttaka til framtíðar

Gleði og sköpun

Námsaðstæður og starfsumhverfi



Inngangur

Samkvæmt lögum um leikskóla og grunnskóla skal hvert sveitarfélag setja almenna stefnu um leik- og grunnskólahlald í sveitarfélaginu, kynna hana íbúum þess og hafa aðgengilega.

Starfshópur skipaður formanni fræðslunefndar og skólastjórum leik- og grunnskóla undir stjórn verkefnastjóra hefur nú endurskoðað gildandi skólafestefnu í samvinnu við alla hagaðila skólasamfélagsins. Endurskoðunin fór fram skólaárið 2025-2026 og ný menntastefna var samþykkt af sveitarstjórn 30. apríl 2026.

Menntastefna Hörgársveitar er leiðarljós og sameiginleg sýn um menntun og velferð í skólasamfélagi Hörgársveitar. Með lögum um farsæld barna sem samþykkt voru 2021 hefur áhersla á velferð sem mikilvægan hluta skólastarfs fengið enn stærri sess og ber upp færð menntastefna Hörgársveitar þess merki. Hún er sett upp í fáum dráttum með það að markmiði að hún sé einföld og skýr. Skólum sveitarfélagsins er ætlað að taka mið af stefnunni við gerð skólanámskrár. Skólarnir skulu eiga náð samstarf og vera í góðum tengslum við samfélagið í heild. Öll börn, starfsfólk og aðstandendur eiga að upplifa öryggi og vellíðan í skólasamfélaginu. Eftirfylgd og eftirlit er á ábyrgð fræðslunefndar Hörgársveitar. Endurskoða skal skólafestefnuna eftir fjögur ár.





► Inngangur

Skólaumhverfið

Leiðarljós

Markmið, leiðir og mat

Heilsa, heilbrigði, farsæld og velferð

Menntun og virk þátttaka til framtíðar

Gleði og sköpun

Námsaðstæður og starfsumhverfi



Aðalnámskrár leik- og grunnskóla eru útfærsla á menntastefnu yfirvalda sem skólum ber að vinna eftir. Aðalnámskrárnar eru byggðar á sex grunnþáttum menntunar sem saman eru leiðarljós í öllu skólastarfi.

Grunnþættir menntunar eru

- Læsi
- Heilbrigði og velferð
- Lýðræði og mannréttindi
- Sjálfbærni
- Jafnrétti
- Sköpun



Samhliða grunnþáttum menntunar skulu áherslur Heimsmarkmiða- og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna birtast í öllu skólastarfi. Að auki er ávallt horft til menntastefnu stjórnvalda en núverandi stefna er til ársins 2030 og leggur hún áherslu á að veita framúrskarandi menntun í umhverfi þar sem allir geta lært og allir skipta máli. Fimm grunnstoðir menntastefnunnar til ársins 2030 eru: Jöfn tækifæri fyrir alla, kennsla í fremstu röð, hæfni fyrir framtíðina, vellíðan í öndvegi og gæði í forgrunni.

Sameiginlegir áherslupættir leik- og grunnskóla í Hörgársveit eru

- Jákvæður agi
- Heilsa og heilbrigði
- Grænfáni



Inngangur

► Skólaumhverfið

Leiðarljós

Markmið, leiðir og mat

Heilsa, heilbrigði, farsæld og velferð

Menntun og virk þátttaka til framtíðar

Gleði og sköpun

Námsaðstæður og starfsumhverfi



Skólaumhverfið

Leikskóli

Einn leikskóli er í sveitarfélaginu, Heilsuleikskólinn Álfasteinn og er hann staðsettur á Lónsbakka. Við skólann er skógur og gamall fótboltavöllur sem nýtt er til útináms. Einkunnarorð leikskólans eru Með sól í hjarta. Á heimasíðu leikskólans <http://alfasteinnhorgarsveit.is/> er að finna allar frekari upplýsingar um sýn og stefnu skólans.



Grunnskóli

Í sveitarfélaginu er einn grunnskóli, Þelamerkurskóli. Skólinn er nálægt miðju sveitarfélagsins, á Þelamörk. Stórt útinámssvæði hefur verið byggt upp í grennd við skólann. Á sama svæði er íþróttamiðstöð og sundlaug sveitarfélagsins. Nemendur koma í skólann með skólabílum. Innra starf skólans tekur mið af einkunnarorðum hans, sem eru þroski, menntun og samkennd (ÞMS). Heimasíða Þelamerkurskóla er <https://www.thelamork.is/> og þar má finna allar frekari upplýsingar um sýn og stefnu skólans.



Félagsmiðstöðin Dranginn

Félagsmiðstöðin Dranginn er fyrir börn og ungmenni á aldrinum 10-18 ára. Þar er lögð áhersla á að efla félagsfærni, samskipti og jákvæðan þroska í öruggu og uppbyggilegu umhverfi í gegnum óformlegt nám. Starfið er lykilþáttur í frístunda- og forvarnastarfi sveitarfélagsins.



Tónlistarskóli

Tónlistarskóli Eyjafjarðar er rekinn sameiginlega af Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppi, Svalbarðsstrandahreppi og Hörgársveit. Kennsla barna á grunnskólaaldri úr Hörgársveit fer fram á skólatíma þeirra í Þelamerkurskóla og samvinna skólanna er í anda þess sem lagt er upp með í Aðalnámskrá tónlistarskóla. Heimasíða tónlistarskólans er <https://tonlist.krummi.is/> og þar má finna frekari upplýsingar um sýn og stefnu skólans.

Framhaldsskólar

Hörgársveit á aðild að þremur framhaldsskólum, þ.e. Menntaskólanum á Akureyri (MA), Menntaskólanum á Tröllaskaga (MT) og Verkmenntaskólanum á Akureyri (VMA).



Inngangur

Skólaumhverfið

► Leiðarljós

Markmið, leiðir og mat

Heilsa, heilbrigði, farsæld og velferð

Menntun og virk þátttaka til framtíðar

Gleði og sköpun

Námsaðstæður og starfsumhverfi



Heilsa, heilbrigði, farsæld og velferð

- ♥ Nemendum líði vel, fái notið sín í öruggu umhverfi þar sem þau tilheyra, finna að þau skipta máli og á þau sé hlustað.
- ♥ Stuðla að auknum lífsgæðum nemenda þar sem andleg, líkamleg og félagsleg heilsa er í fyrirrúmi.



Menntun og virk þátttaka til framtíðar

- ♥ Þörfum hvers og eins er mætt með fjölbreyttum viðfangsefnum, námsmati og kennsluháttum við hæfi.
- ♥ Leiðsagnarnám er leiðandi með áherslu á styrkleika, hæfileika og áhuga nemenda.
- ♥ Lýðræðislegir starfshættir einkenni skólafarfið.
- ♥ Skólarnir eru í góðu samstarfi við foreldra, nærsamfélag og aðra skóla.



- ♥ Börnum er auðveldað, eins og unnt er, að færast á milli skólastiga, í samræmi við þroska og námsstöðu.
- ♥ Stuðla að menntun til sjálfbærni, efla umhverfisvitund og færni til framtíðar.

**Skólarnir eru hjarta
sveitarfélagsins þar sem
gleði, fagmennska og
vellíðan eru höfð að
leiðarljósi.**




Gleði og sköpun

- ♥ Skólabragur einkennist af skapandi starfi, gagnkvæmri virðingu, gleði og leik.
- ♥ Verkviti og listum er gert hátt undir höfði.
- ♥ Nemendur tileinki sér gagnrýna og skapandi hugsun.



Námsaðstæður og vinnuskilyrði

- ♥ Í skólunum starfi hæft fólk með viðeigandi menntun við hvetjandi náms- og starfsumhverfi, í jákvæðum skólabrag.
- ♥ Skólabýggingar og umhverfi þeirra uppfylli þær nútímakröfur sem gerðar eru til skólafarfs.





Inngangur

Skólaumhverfið

Leiðarljós

► Markmið, leiðir og mat

► Heilsa, heilbrigði, farsæld og velferð

Menntun og virk þátttaka til framtíðar

Gleði og sköpun

Námsaðstæður og starfsumhverfi

Markmið, leiðir og mat

Heilsa, heilbrigði, farsæld og velferð

Markmið

Leiðir

Nemendum líði vel, fáí notið sín í öruggu umhverfi þar sem þau tilheyra, finna að þau skipta máli og á þau sé hlustað.

- Farsæld barna er höfð að leiðarljósi í orðræðu og daglegu starfi
- Virkar aðgerðir gegn einelti eru ætíð í gangi.
- Starfsfólk leggur áherslu á umhyggju, festu, áhuga og hlustun í allri daglegri umgengni
- Lögð er áhersla á að draga fram og nýta styrkleika og hæfileika hvers og eins
- Nemendur fá tækifæri til að tjá líðan sína, s.s. á bekkjarfundum og samverustundum og fá leiðsögn til að finna leiðir að bættri líðan og sjálfsefningu
- Nemendum er hjálpað að hugsa lausnamiðað og með vaxandi hugarfari
- Boðið er upp á metnaðarfullt og virkt íþrótta-, félags- og frístundastarf til 18 ára aldurs innan sem utan skólatíma
- Hugmyndafræði Jákavæðs aga er höfð að leiðarljósi

Stuðla að auknum lífsgæðum nemenda þar sem andleg, líkamleg og félagsleg heilsa er í fyrirrúmi

- Markvisst er unnið með geðrækt og farsæld í skólastarfinu
- Nemendum er hjálpað við að skilja og tjá eigin tilfinningar
- Nemendum er kennt að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum
- Fjölbreytt verkefni eru nýtt til að efla félagsfærni og samkennd.
- Nemendur fá fjölbreytt tækifæri til hreyfingar og útiveru
- Útiskóli er fastur hluti af skólastarfi
- Skipulag á skólalóð hvetur til hreyfingar og leikja
- Nemendur fá næringarríkt og fjölbreytt fæði skv. ráðleggingum landlæknisembættisins. Farið er eftir viðmiðum Samtaka heilsuleikskóla og heilsueflandi grunnskóla

Mat

ÞMS: Í nemendakönnun Skólapúls er lagt mat á líðan, bekkjaranda, tíðni eineltis og heilsu. Könnun er lögð fyrir einu sinni á ári. Íslenska æskulýðsrannsóknin er lögð fyrir á hverju skólaári en hún safnar gögnum um velferð og viðhorf barna. Formleg foreldrakönnun verður lögð fyrir a.m.k. annað hvert ár. Minni kannanir nýttar eftir atvikum. Mat starfsfólks á Jákavæðum aga er framkvæmt árlega. Matsviðmið Heilsueflandi grunnskóla eru yfirfarin árlega. Niðurstöður bekkjarfunda nýttar.

Álfasteinn: Matsviðmið Heilsuleikskóla, matslisti Jákavæðs aga og matslisti vináttuverkefnisins Blær eru fylltir út árlega og umbætur gerðar eftir þörfum. Foreldrakönnun Skólapúls er lögð fyrir árlega. Niðurstöður kannana og matslista eru markvisst nýttar sem grunnur að umbótaáætlun leik- og grunnskóla.





Inngangur

Skólaumhverfið

Leiðarljós

Markmið, leiðir og mat

Heilsa, heilbrigði, farsæld og velferð

► Menntun og virk þátttaka til framtíðar

Gleði og sköpun

Námsaðstæður og starfsumhverfi



Menntun og virk þátttaka til framtíðar

Markmið

Leiðir

Þörfum hvers og eins er mætt með fjölbreyttum viðfangsefnum, námsmati og kennsluháttum við hæfi

- Skólastarf einkennist af inngildandi starfsháttum sem birtist jafnframt í orðræðu, viðhorfum og sýn
- Skólanámskrár eru með skýrt afmarkaðar leiðir að markmiðum aðalnámskrár
- Skólastarf einkennist af metnaði og fagmennsku sem leiðir af sér gæða menntun
- Hugmyndafræði skólanna er skýr, vel kynnt og aðgengileg
- Tekið er mið af fjölbreytileika nemendahópsins við skipulag náms, kennslu og námsmats
- Starfsfólk skóla, kennarar og aðrir sérfræðingar, vinna saman að velferð og árangri nemenda.

Leiðsagnarnám er leiðandi með áherslu á styrkleika, hæfileika og áhuga nemenda

- Markvissar samræður, hlustun og endurgjöf
- Nemendum eru sköpuð tækifæri til að virkja eigin styrkleika og hæfileika út frá áhugasviði.

Lýðræðislegir starfshættir einkenni skólastarfið

- Nemendur eiga kost á að taka þátt í umræðum og ákvörðunum um nám sitt og annað sem þá varðar eftir því sem aldur og þroski leyfir
- Nemendum eru sköpuð tækifæri til að láta rödd sína heyrast og lögð áhersla á að þau upplifi að rödd þeirra skiptir máli
- Reglulegir bekkjarfundir, barnafundir og nemendaping eru föst í sessi
- Nemendur taka virkan þátt í nefndum og ráðum

Skólarnir eru í góðu samstarfi við foreldra, nærsamfélag og aðra skóla

- Virkt samstarf er milli heimila og skóla sem einkennist af virðingu
- Upplýsingar um skólastarfið eru aðgengilegar á heimasíðum skólanna, fréttabréfum þeirra og/eða á samfélagsmiðlum
- Fundargerðir fræðslunefndar eru birtar á heimasíðu sveitarfélagsins
- Fundargerðir nefnda og ráða eru birtar á heimasíðu skólanna
- Foreldrum er gert kleift að taka þátt í starfi foreldrafélaga og í skólastarfinu sjálfu
- Viðburðir í skólunum eru opnir öllum í sveitarfélaginu
- Skólarnir nýta nærumhverfið í starfi sínu og stuðla að samvinnu þar sem kostur er
- Samvinna er milli foreldrafélaga, t.d. í tengslum við viðburði og ferðir
- Skólarnir hafa samræmi á milli skóladagatala eins og kostur er.



Inngangur

Skólaumhverfið

Leiðarljós

Markmið, leiðir og mat

Heilsa, heilbrigði, farsæld og velferð

► Menntun og virk þátttaka til framtíðar

Gleði og sköpun

Námsaðstæður og starfsumhverfi



Menntun og virk þátttaka til framtíðar

Markmið

Börnum er auðveldað, eins og unnt er, að færast á milli skólastiga, í samræmi við þroska og námsstöðu

Leiðir

- Börn í þeim árgöngum sem eru næstir öðrum skólastigum fyrir ofan heimsækja þá skóla sem við eiga
- Samvinna er milli kennara elstu barna leikskóla og yngstu barna grunnskóla
- Samvinna er við framhaldsskóla til að auka námsmöguleika nemenda.

Stuðla að menntun til sjálfbærni, efla umhverfisvitund og færni til framtíðar

- Markviss vinna út frá markmiðum Landverndar og Grænfánaverkefnis
- Nemendur eru virkir þátttakendur í Grænfánavinnu
- Markvisst og fjölbreytt útinám og áhersla á samþættingu og umhverfisvitund
- Samvinna við nærsamfélagið

Mat

ÞMS: Nemendakannanir eru lagðar fyrir tvisvar á ári. Þar er lagt mat á virkni, áhuga og ánægju af námi. Niðurstöður bekkjafunda og nemendapínga nýttar. Foreldra- og starfsmannakannanir eru lagðar fyrir reglulega. Innra mat í daglegu starfi skráð á formlegum mánaðarlegum matsfundum, gagna aflað við hvers kyns námsmat, formlegt sem óformlegt og markvisst unnið með niðurstöður og íhlutun. Unnið er skv. skimunaráætlun. Allt matið er markvisst nýtt við þróun skólstarfs, í lok skólaárs er gerð innra mats skýrsla og umbótaáætlun.

Álfasteinn: Foreldra- og starfsmannakönnun er lögð fyrir árlega. Foreldrasamtöl eru árlega eða oft eftir þörfum. Unnið er skv. skimunaráætlun og heilsubók barns fyllt út samkvæmt áætlun. Allt matið er markvisst nýtt við þróun skólstarfs, í lok skólaárs er gerð innra mats skýrsla og umbótaáætlun.



Inngangur

Skólaumhverfið

Leiðarljós

Markmið, leiðir og mat

Heilsa, heilbrigði, farsæld og velferð

Menntun og virk þátttaka til framtíðar

► Gleði og sköpun

Námsaðstæður og starfsumhverfi



Gleði og sköpun

Markmið

Leiðir

Skólabragur einkennist af skapandi starfi, gagnkvæmri virðingu, gleði og leik

- Hugmyndafræði Jákvæðs aga er höfð að leiðarljósi
- Unnið markvisst að því að skapa námsmenningu í anda leiðsagnarnáms þar sem nemendum er veitt leiðsögn sem hjálpar þeim að ná markmiðum sem stefnt er að
- Nemendum sköpuð tækifæri til að taka þátt í skapandi og fjölbreyttum verkefnum innan sem utan skóla
- Áhersla á sköpun í öllu starfi til að stuðla að persónulegum þroska, frumkvæði og nýsköpun

Verkviti og listum er gert hátt undir höfði

- Nemendum er skapað rými til að nýta list- og verkfærni sína með sveigjanleika í daglegu starfi í því skyni að styrkja hagnýta þekkingu
- Nemendur eru hvattir sérstaklega til skapandi skila í verkefnum þar sem hæfileikar þeirra og styrkleikar fá notið sín
- Trygt er að aðbúnaður og efniviður sé ávallt til staðar
- Orðræða og viðhorf sýni að virði list-, verk- og iðnnáms er lagt að jöfnu við bóknám
- Tónlistarkennsla er samfléttuð daglegu skólastarfi
- Lögð er áhersla á að þroska huga og hönd með nýsköpun

Nemendur tileinki sér gagnrýna og skapandi hugsun

- Lausnamiðuð hugsun er höfð að leiðarljósi í öllu skólastarfi
- Áhersla er lögð á að kalla eftir og nýta raddir barna í starfi skólanna
- Áhersla er lögð á fjölbreytta kennsluhætti þar sem sköpun fær rými

Mat

ÞMS: Nemendakannanir eru lagðar fyrir tvisvar á ári. Nemendasamtöl formleg sem óformleg. Foreldrakönnun lögð fyrir reglulega. Gátlistar Jákvæðs aga nýttir. Matið er markvisst nýtt til þróunar skólastarfs og við gerð umbótaáætlana. Áhersla er lögð á fjölbreytt námsmat þar sem leiðsagnarmat er rauður þráður.

Álfasteinn: Reglulegir barnafundir. Viðtöl um líðan í leikskólanum við elsta árgang skólans að vori. Gátlistar heilsustefnunnar og Jákvæðs aga nýttir og foreldrakönnun lögð fyrir reglulega.



Inngangur

Skólaumhverfið

Leiðarljós

Markmið, leiðir og mat

Heilsa, heilbrigði, farsæld og velferð

Menntun og virk þátttaka til framtíðar

Gleði og sköpun

► Námsaðstæður og starfsumhverfi



Námsaðstæður og starfsumhverfi

Markmið

Í skólunum starfi hæft fólk með viðeigandi menntun við hvetjandi náms- og starfsumhverfi, í jákvæðum skólabrag

Skólabyggingar og umhverfi þeirra uppfylli þær nútímakröfur sem gerðar eru til skólastarfs

Leiðir

- Starfshættir einkennast af faglegri forystu, teymisvinnu og leiðsagnarnámi
- Stjórnendur stuðla að sameiginlegri sýn meðal starfsfólks um starfshætti, skólabrag og námsmenningu
- Stjórnendur eru hvetjandi og gefa reglulega endurgjöf til starfsfólks
- Starfsmannasamtöl eru tekin árlega
- Hver skóli gerir starfsþróunaráætlun sem er endurskoðuð árlega
- Starfsfólk hafi aðgang að utanaðkomandi ráðgjöf og handleiðslu sem fyrirbyggjandi aðgerð
- Heilsusamlegt starfsumhverfi, hvatning og tækifæri til hreyfingar.

- Nemendum eru skapaðar fjölbreyttar námsaðstæður út frá ólíkum þörfum
- Hentug aðstaða til tónlistarkennslu
- Víðtækt samráð milli aðila við undirbúning og hönnun á endurbótum
- Ábendingum og kröfum heilbrigðiseftirlits um aðbúnað er mætt
- Kröfum um öryggismál er fylgt með reglubundnu eftirliti
- Áframhaldandi óskir um undirgöng undir þjóðveg 1 til að útvíkka námsumhverfið
- Aðbúnaður tryggi tækifæri til frumkvæðis og skapandi hugsunar.

Mat

PMS: Starfsmannakönnun er lögð fyrir annað hvert ár. Starfsmannasamtöl eru tekin árlega. Niðurstöður kannana og samtala eru markvisst nýttar við gerð starfsþróunaráætlana og stuðning í starfi. Úttektir og eftirlit þar til gerðra yfirvalda er markvisst nýtt við gerð umbótaáætlana.

Álfasteinn: Starfsmannakönnun lögð fyrir árlega. Starfsmannasamtöl eru tekin árlega og nýtt til starfsþróunaráætlana og til stuðnings í starfi. Úttektir og eftirlit þar til gerðra yfirvalda er markvisst nýtt við gerð umbótaáætlana.